

FLOKKUN TÓNVERKA

Á aðalfundi STEFs 1995 bættist við reglur um flokkun tónverka ný athugasemd, D. Hér eru allar athugasemdir við flokkunina teknar upp í einu lagi:

Athugasemdir:

A.

Einstökum þætti úr stærra tónverki, sem umritaður er fyrir önnur hljóðfæri, eða fluttur sem sjálfstætt tónverk, skal skipa í þann flokk sem þátturinn á heima í, samkvæmt eðli sínu.

B.

Brott úr stærra verki skal halda þeirri flokkun og stigsetningu sem verkinu hefur verið ákveðið, þegar það er flutt í heild sinni, að því tilskildu að brotið falli ekki undir lið A.

C.

Úrvinnslu/útsetningu/umritun skal skipa í þann flokk og stigsetningu sem verkið tilheyrir samkvæmt hinu nýja eðli sínu.

D.

Ef tónverk er flokkað í flokk A eða B skal margföldunarstuðull texta vera 6 (flokkur A) eða 10 (flokkur B).

Ef tónverk er flokkað í flokk C, D eða E skal margföldunarstuðull texta vera 10.

Sé texti einungis við hluta tónverks skal vægi hans minnka hlutfallslega.

Afleiðingar af athugasemd D við skráningu tónverks í tölvu

- Í flokki A eru bæði tónlist og texti með margföldunarstuðulinn 6. Engin breyting.
- Í flokki B eru bæði tónlist og texti með margföldunarstuðulinn 10. Engin breyting.
- Í flokki C er tónlist með margföldunarstuðulinn 15 og texti með 10.

Eldri punktaútreikningur var: 15 x tími x heildarhlutur (12)

Breyttur punktaútreikningur verður:

(15 x tími x hlutur tónskálds) + (10 x tími x hlutur textahöfundar)
(15 x tími x 8) + (10 x tími x 4). Út koma færri punktar. Heildar-
punktafjöldi skv. fyrri útreikningi tekinn og þessi tala dregin frá.

Mismuninum er bætt á tónskáld og samtals skipt sömu upphæð og upphaflega.

Hlutur tónskálds fer úr 66,7 í 78%
og hlutur textahöfundar úr 33,3 í 22%.

Áhrif tímalengdar texta á skiptingu

C-flokkur 15/10

Textatími sem hlutfall af heild (%)	0	10	20	30	40	50	60	70	80	90	100
Skiptihlutfall tónlistar í %	100	98	96	93	91	89	87	84	82	80	78
Skiptihlutfall texta í %	0	2	4	7	9	11	13	16	18	20	22

4. Í flokki D er tónlist með margföldunarstuðulinn 20 og texti með 10.

Eldri punktaútreikningur var: 20 x tími x heildarhlutur (12)

Breyttur punktaútreikningur verður:

(20 x tími x hlutur tónskálds) + (10 x tími x hlutur textahöfundar)

(20 x tími x 8) + (10 x tími x 4). Út koma færri punktar. Heildar-
punktafjöldi skv. fyrri útreikningi tekinn og þessi tala dregin frá.

Mismuninum er bætt á tónskáld og samtals skipt sömu upphæð og upphaflega.

Hlutur tónskálds fer úr 66,7% í **83%**
og hlutur textahöfundar úr 33,3% í **17%**.

Áhrif tímalengdar texta á skiptingu

D-flokkur 20/10

Textatími sem hlutfall af heild (%)	0	10	20	30	40	50	60	70	80	90	100
Skiptihlutfall tónlistar í %	100	98	97	95	93	92	90	88	87	85	83
Skiptihlutfall texta í %	0	2	3	5	7	8	10	12	13	15	17

5. Í flokki E er tónlist með margföldunarstuðulinn 24 og texti með 10.

Eldri punktaútreikningur var: 24 x tími x heildarhlutur (12)

Breyttur punktaútreikningur verður:

(24 x tími x hlutur tónskálds) + (10 x tími x hlutur textahöfundar)

(24 x tími x 8) + (10 x tími x 4). Út koma færri punktar. Heildar-
punktafjöldi skv. fyrri útreikningi tekinn og þessi tala dregin frá.

Mismuninum er bætt á tónskáld og samtals skipt sömu upphæð og upphaflega.

Hlutur tónskálds fer úr 66,7% í **86,11%**
og hlutur textahöfundar úr 33,3% í **13,89%**.

Áhrif tímalengdar texta á skiptingu

E-flokkur 24/10

Textatími í %	0	10	20	30	40	50	60	70	80	90	100
Skiptihlutfall tónlistar í %	100	99	97	96	94	93	92	90	89	87	86
Skiptihlutfall texta í %	0	1	3	4	6	7	8	10	11	13	14